

31. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar þriðjudaginn 12. júlí 2011, kl. 09:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Fundargerðir:**
 - a. Skipulags-, bygginga- og veitunefnd 28.júní**
 - b. Brunavarnir A-hún 28.júní**
 - c. Brunavarnir A-hún 6.júlí**
 - 2. Bréf frá Umhverfissráðuneytinu frá 30.júní**
 - 3. Bréf frá Sveitarstjórn Húnaþings vestra frá 30.júní**
 - 4. Bréf frá Umhverfissráðuneytinu frá 4.júlí**
 - 5. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 30.júní**
 - 6. Húsnæðismál**
 - 7. Erindi frá Ágústi Sigurðssyni frá 30.júní**
 - 8. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a. Skipulags-, bygginga- og veitunefnd 28.júní 2011

Fundargerðin er í 12 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lið 5 er frestað meðan unnið er að skipulagsþættinum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt að öðru leyti með 3 samhljóða atkvæðum.

b. Brunavarnir A-hún 28.júní 2011

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

c. Brunavarnir A-hún 6.júlí 2011

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 samhljóða atkvæðum.

2. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu frá 30. júní 2011

VII. Umhverfisþing ungmenna verður haldið á Hótel Selfossi 14. október 2011.

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf frá Sveitarstjórn Húnaþings vestra frá 30. júní 2011

Sveitarstjórn Húnaþings vestra og Skólabúðanna í Reykjaskóla bjóða fulltrúum bæjarstjórnar Blönduósbæjar ásamt mökum til afmælishátíðar þann 28. ágúst n.k. þar sem þess verður minnst að í ár eru 80 ár liðin frá upphafi skólustarfs á Reykjum í Hrútafirði.

Bæjarráð hvetur bæjarfulltrúa að mæta í afmælið.

4. Bréf frá Umhverfisráðuneytinu frá 4. júlí 2011

Óskað er eftir umsögn um drög að skipulagsreglugerð.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 30. júní 2011

Blönduósbær hefur sent til Umhverfisstofnunar lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn við Draugagil. Umhverfisstofnun hefur gert drög að fyrirmælum til Blönduósbæjar um frágang og vöktun urðunarstaðar við Draugagil. Blönduósbær er gefinn frestur til 29. júlí 2011 að koma með athugasemdir við fyrirmælin.

Lagt fram til kynningar.

6. Húsnæðismál

Formaður bæjarráðs fór yfir biðlista yfir húsnæði í eigu sveitarfélagsins. Húnabraut 42 verður laus þann 1. september 2011. Bæjarráð felur starfsmönnum Blönduósbæjar að útteila íbúðinni í samræmi við biðlista yfir íbúðir í eigu sveitarfélagsins.

7. Erindi frá Ágústi Sigurðssyni frá 30. júní 2011

Lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál

a) Girðingar í landi Blönduósbæjar

Formaður bæjarráðs lagði fram Girðingaráætlun Blönduósbæjar sem unnin var af Tæknideild Blönduósbæ. Blönduósbær hefur umsjón með um 30 km af girðingum. Ljóst er að Blönduósbær þarf að leggja fram aukið fjármagn til málaflokksins.

Girðingaráætluninni er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2012.

b) Erindi frá Acta lögmansstofu

Blönduósbæ hefur borist bréf frá Acta lögmansstofu þar sem óskað er viðbragða sveitarfélagsins vegna meints brots skólastjóra á trúnaðarskyldu.

Bæjarstjóra er falið að svara erindinu á grunni lögfræðialits sem borist hefur. Í álitinu kemur fram að embættisfærsla skólastjóra gefi ekki tilefni til viðbragða af hálfu bæjaryfirvalda.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið 11:20

Kári Kárason (sign.)
Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)